

139. löggjafarþing 2010–2011.
Pskj. — 334. mál.

Álit
um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd óskaði með tölvupósti 1. febrúar 2011 eftir því að viðskiptanefnd léti í té álit sitt á tillögu velferðarráðherra til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Helgu Jónsdóttur og Ingibjörgu Pálsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Hildi Jónsdóttur frá velferðarráðuneyti.

Fram kom við umfjöllun um málið að í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu hefði einn starfsmaður þegar fengið það hlutverk að gegna starfi jafnréttisfulltrúa. Fram kom einnig að ráðuneytið teldi áætlun velferðarráðherra vera gott veganesti við endurskoðun jafnréttisáætlunar ráðuneytisins sem mun fara fram á árinu 2011.

Það sem helst varðar málefna svið ráðuneytisins er hlutfall kynja í stjórnnum og æðstu stöðum fyrirtækja og stofnana. Í tillögunni kemur orðrétt fram: „Efnt verði til fræðslu um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna í fyrirtækjum. Markmiðið verði að auka hæfni þessara aðila til að gegna stöðum sínum með áherslu á að ná til kvenna. Komið verði upp gagnagrunni með upplýsingum um þá sem hlotið hafa slíka fræðslu til að gera stjórnendum og stjórnarmönnum kleift að mynda með sér tengsl og auðvelda fyrirtækjum að finna hæfa stjórnendur og stjórnarmenn.“

Meiri hlutinn vekur athygli á því að á 138. löggjafarþingi var samþykkt breytingartillaga viðskiptanefndar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög og lögum um hlutafélög (71. mál á 138. löggjafarþingi). Í breytingartillögunni fólst breyting á 1. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög og 1. mgr. 39. gr. laga um einkahlutafélög þess efnis að í félögum þar sem starfsmenn eru fleiri en 50 á ársgrundvelli að jafnaði skuli hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40%. Lög þessi munu öðlast gildi 1. september 2013.

Meiri hlutinn telur að gagnagrunnurinn muni auðvelda innleiðingu þessara lagaákvæða um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja. Markmið fyrirhugaðs gagnagrunns er hins vegar óljóst orðað í þingsályktunartillögunni. Meiri hlutinn áréttar því mikilvægi þess að upplýsingum verði safnað í grunninn um annars vegar fyrirtæki, þ.m.t. upplýsingum um stjórnir og stjórnendur sem vilja vinna að því að auka hluta kvenna í atvinnulífinu, og hins vegar um konur sem vilja taka að sér ábyrgðarstöður í íslenskum fyrirtækjum. Fram kom á fundinum að með tímanum mundi gagnagrunnur af þessu tagi stækka og þannig yrði auðveldara að finna konur til að taka sæti í stjórn. Stjórnendur í atvinnulífinu kvarta oft yfir því að erfitt sé að finna hæfar konur. Meiri hlutinn telur að markviss fræðsla um ávinninginn af því að fjölga konum í ábyrgðarstöðum og söfnun upplýsinga um hæfar konur séu mikilvæg skref í átt að breyttum viðhorfum til kvenna og fjölgun kvenna í stjórnnum og meðal stjórnenda fyrirtækja. Sterkar vísbendingar eru um að konum í stjórnnum fyrirtækja hafi ekki fjölgað eftir hrun og ætti gagnagrunnur að bætt úr því.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var þeim sjónarmiðum lýst að áætlunin væri ómarkviss. Ekki eru sett fram skýr töluleg markmið í áætluninni né skýrar leiðir til að tryggja eftirfylgni við markmiðin. Við fyrrgreinda grein mætti því bæta: „Fræðsla um ábyrgð og skyldur stjórnenda og stjórnarmanna, ásamt uppbyggingu gagnagrunnsins mundi þannig stuðla að því að hlutfall hvors kyns yrði ekki lægra en 40% fyrir 1. september 2013.“

Jafnframt var þeirri spurningu velt upp hvort rétt væri að dreifa fjármunum jafnréttisáætlunar á milli ráðuneyta. Á það var hins vegar bent að unnið væri eftir nýrri aðferðafræði í jafnréttismálum. Í stað þess að nálgast jafnrétti kynjanna sem sértækt viðfangsefni eins ráðuneytis er nú óðum að ryðja sér til rúms sú skoðun að jafnréttismál séu mál allra ráðuneyta. Aðferðafræðin kallast samþætting og markmiðið með henni er að koma jafnréttismálum á dagskrá í öllum ráðuneytum. Því væri jákvætt að til að mynda jafnréttisfulltrúi væri starfandi í hverju ráðuneyti. Á það var jafnframt bent að fleiri hópar en konur ættu undir högg að sækja í íslensku samfélagi, fólk af erlendum uppruna, fatlaðir, öryrkjar o.fl. Í ljósi þessa væri jafnréttishugtakið oft skilgreint of þröngt. Sú áætlun sem hér um ræðir byggist hins vegar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 þar sem í 11. gr. er

kveðið á um að ráðherra skuli leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum einstakra ráðuneyta, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs.

Alþingi, 3. mars 2011.

Lilja Mósesdóttir,
form.
Magnús Orri Schram,
Skúli Helgason,
Eygló Harðardóttir,
Atli Gíslason,
Valgerður Bjarnadóttir,
Margrét Tryggvadóttir.